

Dickson gegn Bretlandi

Dómur frá 4. desember 2007 - Yfirdeild

Mál nr. 44362/04

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

12. gr. Réttur til að stofna til hjúskapar

Fangar. Réttur til tæknifrjóvgunar.

1. Málsatvik

Kærendur, Kirk og Lorraine Dickson, eru breskir ríkisborgarar. Hann er fæddur 1972 og er vist-aður í Dovergate-fangelsi í Uttoxeter. Hún er fædd 1958 og býr í Hull.

Árið 1994 var Dickson sakfelldur fyrir manndráp og dæmdur í ævilangt fangelsi, án möguleika á reynslulausn fyrr en eftir 15 ára afplánun. Hann er barnlaus. Árið 1999 kynntist hann Lorraine, í gegnum pennavinasmótök fangelsa, á meðan hún afplánaði einnig fangelsisrefsingu. Árið 2001 giftust þau. Hún átti þrjú börn frá fyrri samböndum.

Párið óskaði eftir tæknifrjóvgun svo að þau gætu eignast saman barn, þar sem þeim yrði það annars ómögulegt í ljósi þess hvenær Kirk Dickson yrði í fyrsta lagi látinn laus og aldurs Lorraine. Ráðherra fangelsismála hafnaði beiðni þeirra. Þau skutu málinu til dómstóla en fengu niðurstöðunni ekki hnekk.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að synjun um að þau gengjust undir tæknifrjóvgunarmeðferð bryti í bága við rétt þeirra til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu samkvæmt 8. gr. og rétt þeirra til að stofna til hjúskapar og stofna fjölskyldu samkvæmt 12. gr.

Niðurstaða deildar

Deild dómstólsins komst að þeirri niðurstöðu í dómi frá 18. apríl 2006 að ekki hefði verið brotið gegn réttindum kæranda sem tryggð væru í 8. gr. og 12. gr. sáttmálans. Þrír dómarrar af sjö skiluðu séráliti. (Sjá reifun dómsins í *Dómareifanir Mannréttindadómstóls Evrópu*, 1. hefti 2006.)

Niðurstaða yfirdeildar

Dómstóllinn taldi kjarna málsins lúta að því að finna jafnvægi á milli almannahagsmuna og hagsmuna kæranda. Fallist var á að tæknifrjóvgun væri eina leið kæranda til þess að eignast barn saman og greinilegt væri að barneignir skiptu þau miklu máli. Varðandi almannahagsmuni vísaði yfirdeildin til þess að ekkert í sáttmálanum leiddi til sjálfvirkar skerðingar á réttindum fanga að þessu leyti. Dómstóllinn benti á að traust almennings á refsikerfinu væri afar mikilvægur þáttur í framþróun viðurlagaúrræða. Jafnframt vísaði hún til aukinnar áherslu á betrun og endurhæfingu í refsifullnustu og að í 30 aðildarríkjum væru makaheimsóknir leyfðar.

Vísað var til þess að ríkjum bæri skylda til þess að hafa velferð barna í huga og tryggja vernd þeirra. Þessi skylda næði þó ekki svo langt að banna getnað barna við aðstæður eins og uppi væru í málinu. Dómstóllinn taldi að þau viðmið sem lögð hefðu verið til grundvallar við meðferð máls kæranda, þ.e. að tæknifrjóvgun væri aðeins heimiluð í undantekningartilvikum, væru of ströng og settu mati á aðstæðum hverju sinni of þröngar skorður. Yfirdeildin taldi jafnframt óheppilegt að viðmiðin hefðu ekki verið formlega sett og birt. Niðurstaða yfirdeildarinnar var því sú að ekki hefði verið fundið sanngjarnt jafnvægi á milli hagsmuna almennings annars vegar og kæranda hins vegar og því hefði verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans. Var því talið óþarft að fjalla um málið með hliðsjón af 12. gr. sáttmálans.

Yfirdeildin komst að þeirri niðurstöðu að kærendur skyldu fá 5.000 evrur sameiginlega í miskabætur, auk 21.000 evra í málskostnað, en þar af skyldi draga 2.148,9 evrur sem Evrópuráðið hafi greitt af málskostnaði þeirra.

Fimm dómara skiluðu séráliti.